

**Sp.**

**360. Breytingartillaga**

**[148. mál]**

við till. til þál. um kosningu millipinganevndar til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Iðnaðarmálastofnun Íslands að rannsaka, ásamt rannsóknaráði ríkisins, atvinnudeild háskólans, Fiskifélagi Íslands og jarðborunardeild ríkisins, og gera tillögur um nýjar atvinnugreinar til framleiðslu- og atvinnuaukningar og hagnýtingu auðæfa landsins í því sambandi.

Iðnaðarmálastofnun Íslands skal greiddur sá kostnaður úr ríkissjóði, sem nauðsynlegur er til að inna þetta hlutverk af hendi.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um að fela Iðnaðarmálastofnun Íslands o. fl. aðilum að rannsaka og gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa.